

## Ferli ytra mats á grunnskólastarfi

Ferli ytra matsins byggir á ferli heildarmats í grunnskólum Reykjavíkur sem unnið hefur verið á árunum 2007-2013.

1. **Verkefnisstjórn ytra mats velur að vori grunnskóla** þar sem ytra mat fer fram á komandi skólaári samkvæmt vinnureglum sem hún setur um valið. Stefnt er að því að meta allt að 10 grunnskóla á ári næstu tvö árin.
2. **Skólar fá upplýsingar um ytra matið með um fjögurra mánaða fyrirvara.**
3. **Matsaðili hefur samband við viðkomandi skóla tveimur vikum áður en að matinu kemur** og fastsetur tíma fyrir vettvangsheimsókn í skóla.

Matsaðili og skólastjóri fastsetja tíma fyrir fund með skólastjóra og yfirmanni sveitarfélags/fræðslunefndar. Ef skólinn er staðsettur í öðrum landshluta en matsaðili er eðlilegt að fundur með skólastjóra og fulltrúa sveitarfélags eigi sér stað við upphaf vettvangsheimsóknar í skóla.

Skólastjóri sendir staðlað bréf með upplýsingum um ytra matið til foreldra og nemenda skólans í tölvupósti og það er sett á heimasíðu skólans.

Matsaðili athugar hvort sveitarfélagið vill nýta sér val um viðbótatmatsþátt í starfi skólans. Fyrir liggja matsviðmið um þrjá þætti sem velja má milli: Skólabragur; mannauður/starfsandi og stoðþjónusta/sérkennsla.

Óskað er eftir að skólastjóri finni tengilið í skólanum sem heldur utan um verkefnið af hálfu skólans og er í sambandi við matsaðila. Hlutverk tengiliðs er að miðla upplýsingum til nemenda, starfsfólks og foreldra m.a. vegna þátttöku í rýnihópum, finna vinnuáðstöðu fyrir matsaðila og aðstöðu til að taka rýnihópaviðtöl og annað það sem upp kemur í tengslum við heimsóknina.

4. **Matsaðili óskar eftir eftirfarandi gögnum frá skóla** (send á pappír eða vísað á heimasíðu):

- Skólanámskrá og starfsáætlun
- Kennsluáætlanir/námsáætlanir skólaársins – sýnishorn af yngsta, mið- og efsta stigi
- Greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun
- Stundatöflur nemenda
- Símenntunaráætlun
- Yfirlit yfir valgreinar sem eru kenndar á skólaárinu
- Niðurstöður ytra mats sveitarfélags og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis
- Önnur gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Einnig er stuðst við:

- Upplýsingar á heimasíðu skólans
- Niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull skóla sl. 3 ár
- Aðrar kannanir ef um er að ræða (Pisa, Talis, Skólavogin, Skólapúlsinn ...)
- Niðurstöður síðustu úttektar mennta- og menningarmálaráðuneytis á innra mati skólans

5. **Fundur með skólastjóra og fulltrúa sveitarfélags<sup>1</sup>** – u.þ.b. 1 klst. Á þeim fundi þarf að:

<sup>1</sup> Gjarnan sami fundur og kynning í skóla.

Mat gæðum skólastarfs, unnið af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga 2011 og endurskoðað 2012.

- Fá upplýsingar um tengilið matsaðila við skólann (ef ekki er þegar búið að ganga frá því).
  - Óska eftir aðstöðu fyrir matsaðila inn í skólanum.
  - Skýra frá markmiðum og tilgangi matsins – að það sé leiðbeinandi og eigi að leiða til umbóta.
  - Ræða umbætur í kjölfar matsins, hvernig ráðgjöf verður háttáð og fjalla um ábyrgð sveitarfélagsins gagnvart eftirfylgd með umbótum.
6. **Kynningarfundur með starfsfólki skólans<sup>2</sup>** – u.þ.b. 30 mín. Þessi fundur getur verið í beinu framhaldi af fundi með skólastjóra og fulltrúa sveitarfélags. Á þeim fundi þarf að:
- Fara yfir markmið og ferli matsins, skipulag heimsóknar og hvernig gagnaöflun er háttáð.
  - Leggja áherslu á að matið sé leiðbeinandi og sé hugsað til að styðja starfsfólk til umbóta.
  - Leggja sérstaka áherslu á að í heimsóknum í kennslustundir er ekki um að ræða mat á einstaka kennurum heldur mat á gæðum náms og kennslu og á kennsluháttum í skólanum.
  - Matsaðili gerir kennurum grein fyrir að þeir geti fengið endurgjöf um kennsluna á fyrirfram ákveðnum tíma óski þeir eftir því – t.d. má áætla í það ½ klst. í lok hvers dags sem vettvangsheimsóknir hafa átt sér stað. Kennarar hafa val um hvort þeir nýta sér þessa endurgjöf.
7. **Skólaheimsókn:** Skoðunarferð um skóla, vettvangsathuganir, viðtöl og rýnihópar.
- a) Skoðunarferð um skóla með skólastjóra í upphafi heimsóknar.
- b) Vettvangsathuganir: Farið er í allar bekkjardeildir a.m.k. einu sinni. Leitast er við að sitja kennslustund hjá umsjónarkennara þegar því er við komið og heimsækja kennslustund í sem flestum námsgreinum sem kenndar eru í skólanum. Miðað er við að u.þ.b. 60-70% kennara í hverjum skóla fái heimsókn. Í minni skólum er hlutfallið e.t.v. hærra og í minnstu skólunum (um 50 nemendur og færri) má gera ráð fyrir að allir kennarar fái heimsókn.
- c) Viðtöl/rýnihópar (u.þ.b. 40-60 mín hver) - gert er ráð fyrir:
- Einu rýnihópaviðtali við kennara (6-8 kennarar)
  - Einu rýnihópaviðtali við annað starfsfólk en kennara (6-8 manns). Í litlum skólum getur matsaðili farið þá leið að sameina kennara og starfsmenn í einn rýnihóp.
  - Einu rýnihópaviðtali við foreldra (6-8 foreldrar)
  - Einu til tveimur rýnihópaviðtölum við nemendur eftir stærð skóla. Í skólum með færri en 300 nemendum er tekinn einn rýnihópur og þá er farið niður í fjórða eða fimmta bekk. Í skólum með 300 eða fleiri nemendum eru teknir tvö rýnihópaviðtöl – við eldri og yngri nemendur og þá er farið niður í annan bekk.
  - Einu rýnihópaviðtali við skólaráð eða fulltrúa úr því
  - Einstaklingsviðtal er tekið við skólastjóra
  - Einstaklingsviðtal er tekið við einn úr kennarahópnum, valinn af handahófi af lista yfir kennara
  - Rýnihópaviðtal er tekið við stjórnendateymi, án skólastjóra, ef stjórnendur undir skólastjóra ná þremur, annars er tekið einstaklingsviðtal við aðstoðarskólastjóra sé starfandi slíkur í skólanum.

---

<sup>2</sup> Frá hausti 2016 eru sendar kynningarglærur á undan matsaðilum.

Rýnihópar skulu skipulagðir m.t.t. jafningjasjónarmiðs þannig að yfirmaður viðkomandi hóps sé ekki hluti af rýnihóp.

Fulltrúar í rýnihópa eru valdir með slembiúrtaki af lista yfir starfsmenn/kennara/nemendur/foreldra í hverjum skóla. Í rýnihópum þarf að huga að sem jafnastri kynjaskiptingu og dreifingu á milli árganga.

8. **Úrvinnsla og skýrslugerð.** Að skólaheimsókn lokinni tekur við úrvinnsla og skýrslugerð. Skólastjóri<sup>3</sup> fær send drög að skýrslu og hefur þá möguleika á að koma á framfæri athugasemdum við matsteymi.

Gert er ráð fyrir samráði matsaðila með skólastjórnendum og stjórnendum sveitarfélags við lok matsferlisins, s.s. leiðbeiningum um hvert þeir geta leitað eftir ráðgjöf vegna umbóta, og hvernig umbótaverkefnum er forgangsraðað. Ekki er gert ráð fyrir meira en sem samsvarar eins dags vinnu í þennan þátt og er það að undirbúningi matsaðila meðtöldum. Samráð og leiðbeiningar geta einnig farið fram að hluta um leið og gagna er aflað.

Matsferlinu lýkur með skýrsluskilum og þá er haldinn skilafundur með öllu starfsfólki skólans og skólaráði<sup>4</sup>. Annar fundur er með skólanefnd eða fulltrúum rekstraraðila/sveitarfélags ásamt skólastjóra. Á fundunum er fjallað um styrkleika og veikleika, tillögur til úrbóta og næstu skref. Að þessum fundum loknum hefur matsteymið lokið hlutverki sínu gagnvart skólanum.

---

<sup>3</sup> Og sveitarstjórn frá 2016.

<sup>4</sup> Frá 2016 eru kynningarlærur sendar til skóla og sveitarstjórnar.

Mat gæðum skólastarfs, unnið af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur. Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga 2011 og endurskoðað 2012.